

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2004/387/EB

2008/EES/45/43

frá 21. apríl 2004

um rekstrarsamhæfða, samevrópska, rafræna þjónustu hins opinbera við opinberar stjórnsýslustofnanir, fyrirtæki og borgara (IDABC) (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum I. mgr. 156. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽²⁾,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við 154. gr. sáttmálans stuðlar Bandalagið að því að samevrópskum netkerfum verði komið á fót og þau þróuð, til að markmiðunum, sem um getur í 14. og 158. gr., verði náð og til að gera borgurum Evrópusambandsins, atvinnurekendum og svæðisbundnum og staðbundnum samfélögum kleift að njóta fulls ávinnings af stofnun svæðis án innri landamæra.
- 2) Með því að auðvelda hreyfanleika fyrirtækja og borgara yfir evrópsk landamæri er stuðlað beint að því að afnema hindranir gegn frjálsum vöruflutningum, frjálstri för fólks, frjálstri þjónustustarfsemi og frjálsum fjármagnsflutningum auk þess að stuðla að frjálstri staðfestu ríkisborgara aðildarríkis á yfirráðasvæði annars aðildarríkis.
- 3) Samkvæmt 157. gr. sáttmálans ber Bandalaginu og aðildarríkjunum að sjá til þess að nauðsynleg skilyrði séu fyrir hendi til að tryggja samkeppnishæfni iðnaðar í Bandalaginu.

4) Með ákvörðunum nr. 1719/1999/EB ⁽⁴⁾ og nr. 1720/1999/EB ⁽⁵⁾ samþykktu Evrópuþingið og ráðið ýmsar aðgerðir, þverlægar ráðstafanir og viðmiðunarreglur sem ná m.a. til skilgreiningar á verkefnum sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, að því er varðar samevrópsk net fyrir rafræn gagnaskipti milli stjórnsýslustofnana (IDA). Þar sem þessar ákvarðanir falla úr gildi 31. desember 2004 er nauðsynlegt að setja ramma fyrir eftirfylgni með IDA-áætluninni eins og hún er sett fram í þessum ákvörðunum.

5) IDABC-áætlunin byggir á árangri undanfarandi IDA-áætlana sem hafa aukið skilvirkni í samvinnu yfir landamæri milli opinberra stjórnsýslustofnana.

6) Þegar IDABC-áætluninni, sem er framhald af fyrri IDA-áætlunum, er komið á og hún framkvæmd, ber að taka tilhlýðilegt tillit til árangurs af þeim áætlunum.

7) Vinna, sem unnin er innan IDABC-áætlunarinnar, mun líklega leggja grunn að frekari vinnu. Það, ásamt örum tæknibreytingum, veldur því að hægt á að vera að laga áætlunina að breytingum í framtíðinni.

8) Leiðtogaráðið samþykkti, á fundi sínum í Lissabon í mars árið 2000, ályktanir sem miða að því að gera Evrópusambandið að samkeppnishæfasta og öflugasta þekkingarhagkerfi í heimi fyrir 2010 sem geti stuðlað að sjálfbærum hagvexti, með fleiri og betri störfum og meiri félagslegri samheldni.

9) Á fundi sínum í Brussel í mars 2003 vakti leiðtogaráðið athygli á mikilvægi þess að samtengja Evrópu og styrkja þannig innri markaðinn og lagði áherslu á að rafræn samskipti væru öflugt tæki til að auka hagvöxt og samkeppnishæfni og skapa ný störf innan Evrópusambandsins og að grípa bæri til aðgerða til að efla þennan styrk og stuðla að því að ná markmiðunum sem sett voru í Lissabon. Til að svo megi verða ber að styðja við og stuðla að því að þróa og taka upp samevrópska, rafræna þjónustu hins opinbera og grunnfjarvirkninet.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 181, 18.5.2004, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2006 frá 10. mars 2006 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 28, 1.6.2006, bls. 28.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 80, 30.3.2004, bls. 83.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 73, 23.3.2004, bls. 72.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 18. nóvember 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB). Sameiginleg afstaða ráðsins frá 18. desember 2003 (Stjtið. ESB C 66 E, 16.3.2004, bls. 22) og afstaða Evrópuþingsins frá 11. mars 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB). Ákvörðun ráðsins frá 30. mars 2004.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 203, 3.8.1999, bls. 1. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun nr. 2046/2002/EB (Stjtið. EB L 316, 20.11.2002, bls. 4).

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 203, 3.8.1999, bls. 9. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun nr. 2045/2002/EB (Stjtið. EB L 316, 20.11.2002, bls. 1).

- 10) Með því að ryðja úr vegi hindrunum á rafrænum samskiptum milli opinberra stjórnsýslustofnana á öllum stigum og við fyrirtæki og einstaklinga er stuðlað að því að bæta umhverfi fyrirtækja í Evrópu, minnka stjórnsýsluálag og draga úr skriffinnsku. Það getur einnig hvatt fyrirtæki og borgara Evrópusambandsins til að nýta sér ávinninginn af upplýsingasamfélaginu og eiga rafræn samskipti við opinberar stjórnsýslustofnanir.
- 11) Með aukinni og aðgengilegri rafrænni þjónustu hins opinbera geta fyrirtæki og borgarar átt samskipti við opinberar stjórnsýslustofnanir án þess að búa yfir sérstakri hæfni í upplýsingatekni eða þekkingu á því hvernig opinber stjórnsýsla virkar eða er byggð upp.
- 12) Notkun samevrópskra fjarvirknina til að miðla upplýsingum milli opinberra stjórnsýslustofnana, stofnana Bandalagsins og annarra aðila, eins og evrópskra stofnana, þjónustuaðila og samtaka, sem hafa það hlutverk að vinna að hagsmunum Bandalagsins, ber ekki að líta á sem markmið heldur sem aðferð til að ná fram samevrópskri rekstrarsamhæfðri upplýsingaþjónustu og gagnvirkri rafrænni þjónustu hins opinbera, sem byggir á ávinningi sem hlotist hefur af samvinnu opinberra stjórnsýslustofnana í Evrópu og miðlar honum til borgaranna og fyrirtækja.
- 13) Framkvæmdastjórnin tekur að sér, og uppfærir eins og við á, umfangsmikið samráð við alla hagsmunaaðila í því skyni að gera rannsókn, sem nær til allra viðkomandi geira, með áherslu á þarfir og ávinning fyrir borgara og fyrirtæki, með það að markmiði að taka saman skrá yfir nauðsynlega og hagstæða samevrópska, rafræna þjónustu hins opinbera sem hægt er að koma á meðan þessi ákvörðun er í gildi.
- 14) Samevrópsk rafræn þjónusta hins opinbera gerir opinberum stjórnsýslustofnunum, fyrirtækjum og borgurum kleift að eiga betri samskipti við opinberar stjórnsýslustofnanir yfir landamæri. Til að hægt sé að veita þessa þjónustu er nauðsynlegt að til sé skilvirk, áhrifarikt og rekstrarsamhæft upplýsinga- og samskiptakerfi milli opinberra stjórnsýslustofnana auk rekstrarsamhæfðra ytri og innri stjórnunarkerfa sem gerir kleift að miðla örugglega, skilja og vinna úr upplýsingum frá hinu opinbera alls staðar í Evrópu.
- 15) Við dreifingu á samevrópskri rafrænni þjónustu hins opinbera er einkum nauðsynlegt að taka tillit til ákvæða tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga⁽¹⁾, og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta⁽²⁾.
- 16) Í tengslum við innlendar ráðstafanir til stuðnings rafrænni stjórnsýslu er mikilvægt að taka tilhlýðilegt tillit til forgangsröðunar Evrópusambandsins.
- 17) Mikilvægt er að nota til hins ýtrasta staðla, almennt aðgengilegar forskriftir eða opnar forskriftir fyrir miðlun upplýsinga og samþættingu þjónustu til að tryggja hnökralaust rekstrarsamhæfi og auka þar með
- ávinninginn af samevrópskri, rafrænni þjónustu hins opinbera og samevrópskum grunnfjarvirkninetum.
- 18) Bæði Bandalaginu og aðildarríkjunum ber skylda til að koma á fót samevrópskri, rafrænni þjónustu hins opinbera og grunnfjarvirkninetum sem Bandalagið notar eða hefur ávinning af.
- 19) Nauðsynlegt er að tryggja nána samvinnu aðildarríkjanna og Bandalagsins og, þar sem það á við, stofnana Bandalagsins og hagsmunaaðila.
- 20) Aðgerðir á vettvangi Bandalagsins eiga að örva árangursríka þróun samevrópskrar, rafrænnar þjónustu hins opinbera og skyldra ráðstafana sem nauðsynlegar eru á öllum stigum, að teknu tilhlýðilegu tilliti til fjölbreytni tungumála innan Bandalagsins.
- 21) Þó að hvetja beri til þátttöku allra aðildarríkjanna í aðgerðum til stuðnings samevrópskri, rafrænni þjónustu hins opinbera, sem opinberar stjórnsýslustofnanir veita fyrirtækjum og borgurum, er hægt að hefja aðgerðir með þátttöku margra aðildarríkja og ber að hvetja aðildarríki, sem ekki taka þátt, til að gera það á síðari stigum.
- 22) Tryggja ber víxlverkun milli viðkomandi framtaksverkefna á lands-, svæðis- og staðarvísu og dreifingu rafrænnar þjónustu hins opinbera innan aðildarríkjanna.
- 23) Í aðgerðaáætluninni um rafræna Evrópu 2005, sem samþykkt var á fundi leiðtogaáráðsins í Sevilla í júní 2002, sér í lagi í kaflanum um rafræna stjórnsýslu, er lögð áhersla á mikilvægi IDA-áætlunarinnar til að stuðla að því að koma á samevrópskri, rafrænni þjónustu hins opinbera til stuðnings starfsemi yfir landamæri og bæta þannig við og setja ramma fyrir framtaksverkefni varðandi rafræna stjórnsýslu á öllum viðeigandi stigum.
- 24) Til þess að unnt sé að nýta fé Bandalagsins sem best er nauðsynlegt að kostnaðinum við samevrópska, rafræna þjónustu hins opinbera og grunnfjarvirkninet sé deilt jafnt á milli aðildarríkjanna og Bandalagsins.
- 25) Best er að ná fram framleiðni, viðbragðshæfni og sveigjanleika við að koma á og reka samevrópska, rafræna þjónustu hins opinbera og grunnfjarvirkninet með því að beita aðferðum sem miðast við þarfir markaðarins og velja þannig birgja á grundvelli samkeppni í umhverfi þar sem seljendur eru fjölmargir en tryggja um leið, þar sem það á við, rekstrarlega og fjárhagslega sjálfbæri ráðstafana.
- 26) Þróa ber samevrópska, rafræna þjónustu hins opinbera í tengslum við sérstök verkefni er varða sameiginlega hagsmuni og sértækar, þverlægar ráðstafanir. Gripa skal til annarra þverlægra ráðstafana til að styðja við rekstrarsamhæfða dreifingu þessarar þjónustu með því að koma á eða bæta grunnvirkisþjónustu.

(¹) Stjtuð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjtuð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

(²) Stjtuð. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37.

- 27) Aðildarríkjum Evrópska Efnahagssvæðisins og umsóknarlöndunum ætti þar af leiðandi einnig að vera frjálst að taka þátt í IDABC-áætluninni og hvetja ber til samstarfs við önnur þriðju lönd. Alþjóðastofnunum er heimilt að taka þátt í framkvæmd verkefna, sem fela í sér sameiginlega hagsmuni, og þverlægum ráðstöfunum á eigin kostnað.
- 28) Til að tryggja örugga stjórnun á fjármagni Evrópusambandsins og til að forðast óþarfa fjölgun tækja, endurtekningu rannsókna og það að ólíkum aðferðum sé beitt skal vera mögulegt að nota þjónustu, sem þróuð er samkvæmt IDA-áætluninni eða IDABC-áætluninni innan ramma sameiginlegrar utanríkis- og öryggisstefnu og á sviði lögreglusamvinnu og dómsmálasamstarfs í sakamálum, í samræmi við V. og VI. kafla sáttmálans um Evrópusambandið.
- 29) Þar sem aðildarríkin geta ekki með einhlítum hætti náð þeim markmiðum að koma á samevrópski, rafrænni þjónustu hins opinbera og auðveldara er að ná markmiðunum á vettvangi Bandalagsins vegna þess hve aðgerðirnar eru umfangsmiklar og hafa víðtæk áhrif, getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhöfsregluna, eins og sett er fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari ákvörðun til að ná þessu markmiði.
- 30) Samþykkja ber nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari ákvörðun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið⁽¹⁾.
- 31) Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um fjárhagsramma sem gildir meðan áætlunin varir og er helsta viðmiðun fjárveitingarvaldsins við árlega fjárlagagerð í skilningi 33. liðar samstarfssamnings frá 6. maí 1999 milli stofnana Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um eftirlit með fjárlögum og endurbætur á afgreiðslu fjárlaga⁽²⁾.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Með þessari ákvörðun er komið á fót, fyrir tímabilið 2005–2009, áætlun um rekstrarsamhæfða, samevrópska, rafræna þjónustu hins opinbera við evrópskar opinberar stjórnsýslustofnanir, stofnanir Bandalagsins og aðra aðila og evrópsk fyrirtæki og borgara (hér eftir nefnd „IDABC-áætlunin“).

2. gr.

Markmið

1. Markmið IDABC-áætlunarinnar er að auðkenna, styðja við og stuðla að þróun og stofnun samevrópskrar, rafrænnar þjónustu hins opinbera og rekstrarsamhæfðra grunnfjarvirkninetna til stuðnings fyrir aðildarríkin og Bandalagið, við að framkvæma, innan viðeigandi valdsviða, stefnu og starfsemi Bandalagsins til að ná fram umtalsverðum

ávinningi fyrir opinberar stjórnsýslustofnanir, fyrirtæki og borgara.

2. Áætluninni er einnig ætlað:

- að gera opinberum stjórnsýslustofnunum á öllum viðkomandi stígum kleift að skiptast á upplýsingum með skilvirkum, árangursríkum og öruggum hætti, auk þess að gera slíkum stjórnsýslustofnunum og stofnunum Bandalagsins, eða öðrum stofnunum eftir þörfum, kleift að skiptast á upplýsingum,
- að auka ávinninginn af miðlun upplýsinga eins og tilgreint er í a-lið til að auðvelda þjónustu við fyrirtæki og borgara að teknu tilliti til þarfa þeirra,
- að styðja við ákvarðanatökufærli Bandalagsins og greiða fyrir samskiptum á milli stofnana Bandalagsins með því að þróa viðkomandi samevrópskt skipulag,
- að koma á rekstrarsamhæfi, bæði innan og á milli mismunandi málaflokka og, þar sem við á, við fyrirtæki og borgara, einkum innan ramma evrópsks rekstrarsamhæfis,
- að styrkja aðgerðir opinberra stjórnsýslustofnana aðildarríkjanna og Bandalagsins að því er varðar hagræðingu í rekstri, skjótari framkvæmd, öryggi, skilvirkni, gagnsæi, þjónustumenningu og viðbragðshæfni,
- að stuðla að útbreiðslu góðra starfsvenja og hvetja til þróunar á nýstárlegum fjarvirknilausnum í opinberum stjórnsýslustofnunum.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „fjarvirkninet“: allsherjargagnaflutningskerfi sem samanstendur af eiginlegu grunnvirki og tengingum ásamt tengdri þjónustu og hugbúnaði og gerir þannig kleift að skiptast á upplýsingum með rafrænum hætti milli opinberra stjórnsýslustofnana og innan þeirra sem og á milli opinberra stjórnsýslustofnana og fyrirtækja og borgara,
- „samevrópsk, rafræn þjónusta hins opinbera“: opinber upplýsingaþjónusta og gagnvirk þjónusta yfir landamæri sem er annaðhvort bundin starfsgrein eða þverlæg, þ.e. þverfagleg í eðli sínu, sem opinberar stjórnsýslustofnanir í Evrópu veita opinberum stjórnsýslustofnunum í Evrópu, fyrirtækjum, að meðtöldum samtökum þeirra, og borgurum, að meðtöldum samtökum þeirra, með rekstrarsamhæfðum, samevrópskum fjarvirkninetum,
- „verkefni sem þjónar sameiginlegum hagsmunum“: verkefni í málaflokkunum sem tilgreindir eru í I. viðauka, sem er hafið eða haldið áfram með samkvæmt þessari ákvörðun og sem varðar stofnun eða endurbætur á samevrópski, rafrænni þjónustu hins opinbera,

⁽¹⁾ Stjútíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

⁽²⁾ Stjútíð. EB C 172, 18.6.1999, bls. 1. Samningnum var breytt með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/429/EB (Stjútíð. EB L 147, 14.6.2003, bls. 25).

- d) „grunnvirkisþjónusta“: þjónusta sem er veitt til að uppfylla almennar kröfur og samanstendur af tækni og hugbúnaðarlausnum, þ.m.t. rammum um evrópskt rekstrarsamhæfi, öryggi, miðbúnaður og netþjónusta. Grunnvirkisþjónusta rennir stoðum undir dreifingu á samevrópskri, rafrænni þjónustu hins opinbera,
- e) „Þverlæg ráðstöfun“: aðgerð sem tilgreind er í II. viðauka sem er hafin eða haldið áfram með samkvæmt þessari ákvörðun og sem varðar stofnun eða endurbætur á þverlægri samevrópskri, rafrænni þjónustu hins opinbera, grunnvirkisþjónustu eða stefnumótandi aðgerðum og stuðningsaðgerðum,
- f) „rekstrarsamhæfi“: geta upplýsinga- og samskipta-tæknikerfa og rekstrarferlanna, sem þau styðja við, til að skiptast á gögnum og gera kleift að miðla upplýsingum og þekkingu.

4. gr.

Verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum

Til að ná fram markmiðunum sem mælt er fyrir um í 2. gr. skal Bandalagið, í samstarfi við aðildarríkin, hrinda í framkvæmd verkefnum sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, sem tilgreind eru í breytilegu vinnuáætluninni sem um getur í 1. mgr. 8. gr., í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í 6. og 7. gr.

Í verkefnum sem þjóna sameiginlegum hagsmunum skal, þegar því verður við komið, nota þverlæga, samevrópska, rafræna þjónustu hins opinbera og grunnvirkisþjónustuna og stuðla að frekari þróun þessarar þjónustu.

5. gr.

Þverlægar ráðstafanir

1. Til að ná fram markmiðunum sem mælt er fyrir um í 2. gr. skal Bandalagið, í samstarfi við aðildarríkin, til stuðnings við verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, ráðast í þverlægar ráðstafanir sem eru tilgreindar í II. viðauka og nánar er fjallað um í vinnuáætluninni sem um getur í 1. mgr. 8. gr., í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í 6. og 7. gr.

2. Með þverlægum ráðstöfunum skal setja fram, viðhalda og greiða fyrir grunnvirkisþjónustu fyrir opinberar stjórnsýslustofnanir í Bandalaginu á grunni viðhalds- og aðgangsstefnu sem skilgreind er í ramma IDABC-áætlunarinnar. Þær skulu einnig tryggja stjórnun á þverlægri, samevrópskri, rafrænni þjónustu hins opinbera auk þess að koma á stefnumótandi aðgerðum og stuðningsaðgerðum til að efla samevrópska, rafræna þjónustu hins opinbera, gera skipulega greiningu á skyldri þróun í Bandalaginu og aðildarríkjum og tryggja stjórnun áætlunarinnar og útbreiðslu góðra starfsvenja.

3. Til að geta skilgreint þverlægar ráðstafanir sem koma skulu til framkvæma skal Bandalagið útbúa lýsingu á þverlægri samevrópskri, rafrænni þjónustu hins opinbera og grunnvirkisþjónustu. Í lýsinguinni skulu koma fram þættir eins og stjórnun, skipulag, skyldur og kostnaðarskipting sem nauðsynleg eru auk skipulagsáætlunar sem nota skal við þróun og framkvæmd þverlægrar, samevrópskrar, rafrænnar þjónustu hins opinbera og grunnvirkisþjónustu. Byggja skal skipulagsáætlunina á mati á verkefniskröfum. Lýsingin skal endurskoðuð árlega.

6. gr.

Meginreglur um framkvæmd

1. Við framkvæmd verkefna sem þjóna sameiginlegum hagsmunum og þverlægra ráðstafana skulu meginreglurnar, sem settar eru fram í 2. – 10. mgr., gilda.

2. Þessi ákvörðun er lagagrundvöllur fyrir framkvæmd þverlægra ráðstafana.

3. Starfsgreinabundinn lagagrundvöllur skal vera fyrir framkvæmd verkefnis. Að því er varðar þessa ákvörðun skal verkefni teljast uppfylla þessar kröfur þegar það styður samevrópska, rafræna þjónustu hins opinbera við opinberar stjórnsýslustofnanir, fyrirtæki eða borgara innan ramma framkvæmdar á starfsgreinabundnum lagagrundvelli eða öðrum viðkomandi lagagrundvelli.

Þessi málsgrein gildir ekki um verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum sem styðja rafræna þjónustu hins opinbera milli stofnana Bandalagsins og evrópskra stofnana.

4. Hvetja ber til þátttöku eins margra aðildarríkja og hægt er í verkefnum til stuðnings samevrópskri, rafrænni þjónustu hins opinbera sem opinberar stjórnsýslustofnanir veita fyrirtækjum, að meðtöldum samtökum þeirra, eða sem opinberar stjórnsýsla veitir borgurum, að meðtöldum samtökum þeirra.

5. Verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum og þverlægar ráðstafanir skulu ná yfir allar nauðsynlegar aðgerðir fyrir stofnun eða endurbætur á samevrópskri, rafrænni þjónustu hins opinbera.

6. Verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum og þverlægar ráðstafanir skulu, hvenær sem það á við, fela í sér undirbúningsáfangu. Þau skulu fela í sér hagkvæmnisáfangu, þróunar- og samþykkisáfangu og framkvæmdaráfangu sem framkvæma skal í samræmi við 7. gr.

Þessi málsgrein skal ekki gilda um stefnumótandi aðgerðir og stuðningsaðgerðir eins og þær eru skilgreindar í C hluta II. viðauka.

7. Taka skal tillit til viðeigandi árangurs af annarri, viðkomandi starfsemi Bandalagsins og aðildarríkjanna, einkum rannsóknar- og tækniþróunaráætlunum Bandalagsins og öðrum áætlunum og stefnum Bandalagsins, eins og áætlun um samevrópskt fjarskiptanet (eTEN)⁽¹⁾, áætlun um rafrænt inntak (eContent)⁽²⁾ áætlun um aðgengi allra að rafrænu samfélagi (eInclusion), áætlun um rafrænt nám (eLearning)⁽³⁾ og yfirumsjón með aðgerðaáætluninni um rafræna Evrópu (Modinis)⁽⁴⁾, hvenær sem það á við, við skilgreiningu á verkefnum sem þjóna sameiginlegum hagsmunum og þverlægum ráðstöfunum til að forðast tvíverknad og flýta þróun á rafrænni þjónustu hins opinbera. Einnig skal taka tillit til verkefna í undirbúningi eða þróunaráfanga.

8. Semja ber tækniforskriftir fyrir verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum og þverlægar ráðstafanir með vísan til evrópskra staðla eða forskrifa sem eru öllum aðgengilegar eða opinna forskrifa fyrir miðlun upplýsinga og samþættingu þjónustu og þau skulu samrýmast grunnvirkisþjónustu, eftir því sem við á, til að tryggja rekstrarsamhæfi og aðgang á milli innanlandskerfa og bandalagskerfa innan og á milli stjórnsýslusviða og við fyrirtæki og borgara.

9. Í verkefnum sem þjóna sameiginlegum hagsmunum og þverlægum ráðstöfunum skal, þegar við á, taka tillit til ramma evrópsks rekstrarsamhæfis sem er settur fram, haldið við og stuðlað að í IDABC-áætluninni.

(1) Stjótd. EB L 183, 11.7.1997, bls. 12.

(2) Stjótd. EB L 14, 18.1.2001, bls. 32.

(3) Stjótd. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 9.

(4) Stjótd. ESB L 336, 23.12.2003, bls. 1.

10. Að framkvæmd lokinni skal fara fram endurskoðun á öllum verkefnum sem þjóna sameiginlegum hagsmunum og þverlægum ráðstöfunum innan eins árs frá lokum framkvæmdaráfangs.

Endurskoðunin skal ná yfir greiningu kostnaðarábata.

Þegar um er að ræða verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum skal endurskoðunin fara fram í samvinnu við aðildarríkin í samræmi við reglur um stefnu á sérsviði og leggja hana fyrir viðeigandi sérnefnd.

Niðurstöður og tilmæli sem leiða af endurskoðun á verkefnum sem þjóna sameiginlegum hagsmunum skulu lögð fyrir nefndina sem um getur í 1. mgr. 11. gr. til upplýsinga.

Þegar um er að ræða þverlægar ráðstafanir skal endurskoðunin fara fram innan ramma nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 11. gr.

7. gr.

Viðbótarmeginreglur

1. Til viðbótar meginreglum sem settar eru fram í 6. gr., gilda meginreglurnar sem settar eru fram í 2. – 8. mgr..

2. Í kjölfar undirbúningsáfangans skal semja undirbúningskýrslu þar sem fjallað er um markmið, gildissvið og grunnforsendu verkefnisins sem þjónar sameiginlegum hagsmunum eða þverlæga ráðstöfun og rökstuðning fyrir henni, einkum fyrirsjáanlegan kostnað og ávinning, þ.m.t. upplýsingar um nefndina sem þar til bær að fylgja framkvæmd verkefnisins eða aðgerðarinnar, og ennfremur skal undirbúningsáfanginn leiða til þess að þátttakendur, að viðhöfðu viðeigandi samráði, helgi sig verkefninu og öðlist skilning á því.

3. Í kjölfar hagkvæmnisáfangans skal semja víðtæka framkvæmdaráætlun sem skal ná yfir þróunar- og framkvæmdaráfangana og innihalda upplýsingarnar í undirbúningskýrslunni auk:

- a) lýsingar á áætlaðri skipulagsþróun og, þegar við á, breytingum á starfsreglum,
- b) markmiða, starfsemi, þátttakenda og tæknilegrar útfærslu,
- c) ráðstafana til að greiða fyrir samskiptum á mörgum tungumálum,
- d) ráðstafana til að tryggja öryggi og verndun gagna,
- e) úthlutunar á verkefnum til Bandalagsins og aðildarríkjanna,
- f) sundurliðunar á væntanlegum kostnaði og lýsingar á væntanlegum ávinningi, þ.m.t. matsviðmiðanir fyrir mælingu á þessum ávinningi eftir að framkvæmdaráfangi lýkur og nákvæm greining á arði fjárfestingarinnar auk áfanga sem þarf að ná,
- g) tilhögunar þar sem skilgreind er jöfn skipting milli Bandalagsins og aðildarríkjanna og annarra aðila þegar við á, á rekstrar- og viðhaldskostnaði samevrópskrar, rafrænnar þjónustu hins opinbera og grunnvirkisþjónustu við lok framkvæmdaráfangans.

4. Meðan þróunar- og samþykkisáfanginn stendur yfir er heimilt, ef við á, að þróa, prófa, meta og fylgjast með, í smækkaðri mynd, þeirri lausn, sem gerð er tillaga um, og ber að nota niðurstöðurnar til þess að breyta hinni víðtæku framkvæmdaráætlun til samræmis.

5. Meðan framkvæmdaráfanginn stendur yfir skal koma á fót fullkomlega starfhæfri þjónustu í samræmi við hina víðtæku framkvæmdaráætlun.

6. Semja skal undirbúningskýrsluna og víðtæku framkvæmdaráætlunina með aðferðum sem búnar eru til sem stöðaðgerðir í ramma IDABC-áætlunarinnar.

7. Framkvæmdastjórnin skal annast og hafa eftirlit með upphafi og framkvæmd verkefnis sem þjónar sameiginlegum hagsmunum, skilgreiningu á áföngum þess og gerð undirbúningskýrslna og víðtækra framkvæmdaráætlana, í samræmi við viðeigandi sérnefndarmeðferð.

Ef engin sérnefndarmeðferð er í gildi skulu Bandalagið og aðildarríkin koma á fót sérfræðingahópum á viðkomandi sviði sem yfirfara öll viðkomandi mál.

Framkvæmdastjórnin skal afhenda nefndinni, sem um getur í 1. mgr. 11. gr., skýrslu um niðurstöður sérnefndanna og, þegar við á, sérfræðingahópanna.

8. Framkvæmdastjórnin skal annast og hafa eftirlit með upphafi og framkvæmd þverlægrar ráðstöfunar, skilgreiningu á áföngum hennar og gerð undirbúningskýrslu og víðtækra framkvæmdaráætlana, í samræmi við meðferðina sem um getur í 2. mgr. 11. gr.

8. gr.

Tilhögun framkvæmdar

1. Framkvæmdastjórnin skal gera breytilega vinnuáætlun fyrir allan gildistíma ákvörðunarinnar um framkvæmd verkefna, sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, og þverlægra ráðstafana. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja vinnuáætlunina og, minnst einu sinni á ári, allar breytingar á henni að teknu tilliti til sundurliðunar á fjárhagsáætlun hvers verkefnis sem þjónar sameiginlegum hagsmunum og þverlægrar ráðstöfunar, eftir atvikum.

Málsmeðferðin, sem um getur í 2. mgr. 11. gr., gildir hvað varðar samþykki framkvæmdastjórnarinnar á breytilegu vinnuáætluninni og breytingum á henni.

2. Fyrir hvert verkefni, sem þjónar sameiginlegum hagsmunum, og hverja þverlæga ráðstöfun skal vinnuáætlunin, sem um getur í fyrstu málsgrein, þegar við á, innihalda:

- a) lýsingu á markmiðum, gildissviði þeirra, grundvallar-ástaðu, þeim sem kunna að njóta góðs af aðgerðunum, starfsemi og tæknilegri útfærslu,
- b) sundurliðun fyrri útgjalda og áfanga sem náðst hafa, auk þess kostnaðar og ávinnings sem vænst er og þeirra áfanga sem þarf að ná,
- c) lýsingu á þverlægrri, samevrópskri, rafrænni þjónustu hins opinbera og grunnvirkisþjónustunni sem á að nota.

9. gr.

Fjárlagaákvæði

1. Með fyrirvara um 8. gr. skal málsmeðferðin, sem um getur í 2. mgr. 11. gr., gilda varðandi samþykki framkvæmdastjórnarinnar á fjárhagsáætlun fyrir verkefni sem þjónar sameiginlegum hagsmunum eða þverlæga ráðstöfun, eftir því sem nauðsynlegt er, sem nægir, með fyrirvara um gildandi reglur um fjárhagsáætlanir, fyrir breytilegu vinnuáætluninni og hugsanlegum breytingum á henni í samræmi við 1. mgr. 8. gr.

2. Afhenda skal fjármuni þegar tilteknum áföngum er náð í samræmi við málsmeðferðina sem gildir um viðeigandi sérnefnd vegna verkefna sem þjóna sameiginlegum hagsmunum og um nefndina sem um getur í 1. mgr. 11. gr. vegna þverlægra ráðstafana. Til að hefja undirbúningsáfangann skal ná þeim áfanga að framkvæmd verkefnis, sem þjónar sameiginlegum hagsmunum, eða þverlæg ráðstöfun sé tekin með í breytilegu vinnuáætluninni. Til að hefja hagkvæmnisáfangann skal ná þeim áfanga að ljúka undirbúningsáætluninni. Til að hefja þróunar- og samþykkisáfangana sem á eftir koma skal ná þeim áfanga að semja víðtæku framkvæmdaráætlunina. Áföngum sem ljúka skal í þróunar- og samþykkisáfanga og framkvæmdaráfanganum skal lýst í breytilegu vinnuáætluninni í samræmi við 8. gr.

3. Málsmeðferðin sem um getur í 2. mgr. 11. gr. gildir einnig um tillögur um meira en 100 000 evra hækkun á fjárhagsáætlun á ári fyrir hvert einstakt verkefni sem þjónar sameiginlegum hagsmunum eða þverlægra ráðstöfun.

4. Framkvæma skal áætlunina á grundvelli reglna um opinber innkaup. Skilgreina ber tækniforskriftir við útboð í samvinnu við aðildarríkin innan ramma viðeigandi sérnefndar eða nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 11. gr. þegar um er að ræða samninga sem eru yfir 500 000 evrum að verðmæti.

10. gr.

Fjárframlag Bandalagsins

1. Bandalagið skal, í tengslum við framkvæmd verkefna sem þjóna sameiginlegum hagsmunum og þverlægra ráðstafana, bera kostnað í hlutfalli við sína eigin hagsmuni.

2. Fjárframlag Bandalagsins til einstakra verkefna, sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, eða þverlægra ráðstafana skal ákvarðað í samræmi við 3. – 7. mgr.

3. Til að verkefni sem þjónar sameiginlegum hagsmunum eða þverlæg ráðstöfun hljóti fjárframlag frá Bandalaginu ber að krefjast raunhæfra áætlana um fjármögnun viðhalds- og rekstrarkostnaðar að loknum framkvæmdaráfanga þar sem hlutverkum er skýrt skipt á milli Bandalagsins og aðildarríkjanna eða annarra aðila.

4. Í undirbúnings- og hagkvæmnisáföngum getur framlag Bandalagsins nægt fyrir öllum kostnaði vegna nauðsynlegra rannsókna.

5. Í þróunar- og samþykkisáfanga og framkvæmdaráfanga skal Bandalagið bera kostnað vegna viðfangsefna sem því eru falin samkvæmt hinni víðtæku framkvæmdaráætlun fyrir verkefni sem þjónar sameiginlegum hagsmunum eða þverlægra ráðstöfun.

6. Fjármögnun Bandalagsins á verkefni sem þjónar sameiginlegum hagsmunum eða þverlægru ráðstöfun sem varðar dreifingu og viðhald grunnvirkisþjónustu skal, að jafnaði, ljúka eigi síðar en fjórum árum eftir að undirbúningsáfanginn hófst.

7. Fjármunum, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, skal ekki úthlutað til verkefna sem þjóna sameiginlegum hagsmunum og þverlægra ráðstafana eða áfanga verkefna sem þjóna sameiginlegum hagsmunum og þverlægra ráðstafana sem njóta góðs af framlögum úr öðrum sjóðum Bandalagsins.

8. Eigi síðar en 31. desember 2006 skal fyrirkomulag til að tryggja fjárhagslega og rekstrarlega sjálfbærni grunnvirkisþjónustu hafa, þegar við á, verið skilgreint og samþykkt í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 11. gr.

11. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem nefnist nefnd um samevrópska, rafræna þjónustu hins opinbera (PEGSCO).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. og 7. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum um 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. PEGSCO-nefndin setur sér starfsreglur.

12. gr.

Ársskýrsla

Framkvæmdastjórnin skal árlega skila skýrslu til nefndarinnar um samevrópska, rafræna, opinbera þjónustu um framkvæmd þessarar ákvörðunar.

13. gr.

Mat

1. Framkvæmdastjórnin skal, í samvinnu við aðildarríkin, meta framkvæmd þessarar ákvörðunar í lok áætlunarinnar.

2. Enn fremur skal framkvæmdastjórnin, í samvinnu við aðildarríkin, meta framkvæmd þessarar ákvörðunar í síðasta lagi um mitt ár 2006. Þetta mat skal m.a. einnig ná til skilvirkni og árangurs IDABC-aðgerða auk þess að fela í sér eiginlegt og meginlegt frammistöðumat miðað við vinnuáætlunina. Í tengslum við þetta mat skal framkvæmdastjórnin greina frá því hvemig fjárhæðin fyrir árin 2007–2009 samrýmist fjárhagsáætluninni. Framkvæmdastjórnin skal, ef við á, gera nauðsynlegar ráðstafanir með hliðsjón af fjárlagagerð fyrir árin 2007–2009 til að tryggja að samræmi sé á milli árlegra fjárveitinga og fjárhagsáætlunarinnar.

3. Matið skal leiða í ljós framgang og ríkjandi stöðu verkefna sem þjóna sameiginlegum hagsmunum og þverlægum ráðstöfunum sem auðkenndar eru í I. og II. viðauka og einkum hvemig fyrirhuguð samevrópsk, rafræn þjónusta hins opinbera er þróuð, framkvæmd og notuð.

Matið skal einnig felast í því að kanna, með hliðsjón af útgjöldum Bandalagsins, ávinning af samevrópskri, rafrænni þjónustu hins opinbera og grunnvirkisþjónustu fyrir Bandalagið með tilliti til framþróunar sameiginlegra stefnumiða og samvinnu á vettvangi stofnana að því er varðar opinberar stjórnsýslustofnanir, fyrirtæki og borgara og benda á svið þar sem umbóta kann að vera þörf og staðfesta samvirkni við aðra starfsemi Bandalagsins á sviði samevrópskrar rafrænnar opinberrar þjónustu og grunnvirkisþjónustu.

4. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu niðurstöður um meginlegt og eiginlegt mat sitt ásamt viðeigandi tillögum um breytingar á þessari ákvörðun. Senda skal niðurstöðurnar áður en lögð eru fram drög að fjárlagafrumvarpi Evrópusambandsins fyrir árin 2007 og 2010.

*14. gr.***Alþjóðlegt samstarf**

1. Opna má IDABC-áætlunina fyrir þátttöku landa Evrópska efnahagssvæðisins og umsóknarlandanna innan ramma viðkomandi samkomulags landanna við Bandalagið.

2. Hvetja ber til samvinnu við önnur þriðju lönd við framkvæmd verkefna sem þjóna sameiginlegum hagsmunum og þverlægum ráðstafana, einkum við opinberar stjórnsýslustofnanir í löndum við Miðjarðarhafið, löndum á Balkanskaga og Austur-Evrópulöndum Einnig skal beina sérstakri athygli að alþjóðlegri samvinnu til stuðnings þróunar- og efnahagssamvinnu. Kostnaður í tengslum við hana fellur ekki undir IDABC-áætlunina.

3. Alþjóðastofnunum eða öðrum alþjóðlegum aðilum er heimilt að taka þátt í framkvæmd verkefna sem fela í sér sameiginlega hagsmuni og þverlægum ráðstöfunum á eigin kostnað.

*15. gr.***Önnur net**

1. Með tilliti til stofnsetningar eða endurbóta á öðrum netum sem eru ekki verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum eða þverlegar ráðstafanir (hér á eftir nefnd „önnur net“) skulu aðildarríkin og Bandalagið, í samræmi við viðeigandi ákvæði í löggjöf Bandalagsins sem fjalla um uppsetningu þessara neta, tryggja að farið sé að ákvæðum 2. – 5. mgr.

2. Með fyrirvara um 3. mgr. má nota þverlæga samevrópska, rafræna þjónustu hins opinbera og grunnvirkisþjónustu sem Bandalagið veitir innan ramma þessarar ákvörðunar í öðrum netum.

3. Semja ber tækniforskriftir fyrir önnur net með vísan til evrópskra staðla eða forskrifta sem eru öllum aðgengilegar eða opinna forskrifta fyrir miðlun upplýsinga og samþættingu þjónustu, eins og við á, til að tryggja rekstrarsamhæfi og aðgang á milli innanlandskerfa og bandalagskerfa innan og á milli stjórnsýslusviða og við fyrirtæki og borgara.

4. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. október.2005 og árlega eftir það, leggja fyrir nefndina um samevrópska, rafræna, opinbera þjónustu skýrslu um framkvæmd 1. – 5. mgr.

Framkvæmdastjórnin skal tilgreina í skýrslunni viðeigandi notendakröfur eða aðrar ástæður sem koma í veg fyrir að unnt sé, með tilliti til annarra neta, að nota þjónustu samkvæmt 2. mgr. og fjalla um þann kost að endurbæta þá þjónustu í því skyni að útvíkka notkun þeirra.

5. Ráðinu skal heimilt að nota þverlæga, samevrópska, rafræna þjónustu hins opinbera og grunnvirkisþjónustu sem þróuð er samkvæmt IDA-áætluninni eða IDABC-áætluninni að því er varðar stofnun eða endurbætur á aðgerðum innan ramma sameiginlegrar utanríkis- og öryggisstefnu og á sviði lögreglusamvinnu og dómsmálasamstarfs í sakamálum, í samræmi við V. og VI. kafla sáttmálans um Evrópusambandið

Notkun slíkrar þjónustu skal ákveðin og fjármögnuð í samræmi við V. og VI. kafla þess sáttmála.

*16. gr.***Fjárhagsrammi**

1. Fjárhagsrammi fyrir framkvæmd aðgerðar Bandalagsins samkvæmt þessari ákvörðun er 148,7 milljónir evra á tímabilinu 1. janúar 2005 til 31. desember 2009, þar af eru 59,1 milljónir evra fyrir tímabilið fram til 31. desember 2006.

Fjárhæðin skal teljast staðfest fyrir tímabilið eftir 31. desember 2006 ef hún er, að því er varðar viðkomandi áfanga, í samræmi við fjárhagsáætlunina sem gildir fyrir tímabilið sem hefst 2007.

2. Árlegar fjárveitingar fyrir tímabilið 2005–2009 skulu háðar samþykki fjárveitingavaldsins og rúmast innan ramma fjárhagsáætlunarinnar.

*17. gr.***Gildistaka**

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá 1. janúar 2005 til 31. desember 2009.

Gjört í Strassborg 21. apríl 2004.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

D. ROCHE

forseti.

I. VIÐAUKI

MÁLAFLOKKAR FYRIR VERKEFNI SEM ÞJÓNA SAMEIGINLEGUM HAGSMUNUM

Verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum samkvæmt IDABC-áætluninni eru einkum þau sem komið er á fót á eftirfarandi sviðum:

A. ALMENNT

1. Stefna og starfsemi Bandalagsins (í samræmi við B-lið), miðlun upplýsinga milli stofnana (í samræmi við C-lið), alþjóðasamvinna (í samræmi við D-lið) auk annarra neta (í samræmi við E-lið).
2. Starfsemi evrópskra umboðsstofa og samtaka og stuðningur við lagaramma í tengslum við stofnun evrópskra umboðsstofa.
3. Stefnumið sem tengjast frjálsri för fólks, einkum til stuðnings því að jöfn þjónusta sé veitt til borgara og fyrirtækja í hinum ýmsu aðildarríkjum.
4. Aðgerðir sem, innan ramma stefnumörkunar og starfsemi Bandalagsins og við ófyrirséðar aðstæður, eru bráðnaðsynlegar til stuðnings aðgerðum Bandalagsins og aðildarríkjanna.

B. STEFNA OG STARFSEMI BANDALAGSINS

1. Stefna í efnahags- og peningamálum.
2. Samsteypa á réttarreglum Bandalagsins í kjölfar stækkunar Evrópusambandsins.
3. Svæða- og samheldnistefnumið, einkum til þess að auðvelda söfnun, umsýslu og dreifingu upplýsinga um framkvæmd svæða- og samheldnistefnumiða fyrir lands- og héraðsstjórnir.
4. Fjármögnun Bandalagsins, einkum í því skyni að mynda tengingu við núverandi gagnagrunna framkvæmdastjórnarinnar til að auðvelda evrópskum samtökum, einkum litlum og meðalstórum fyrirtækjum, aðgang að fjármögnunarsjóðum Bandalagsins.
5. Tölfræði, einkum viðvikjandi söfnun og dreifingu tölfræðilegra upplýsinga, auk tölfræði til stuðnings rafrænni stjórnsýslu, til að meta rekstrarsamhæfi milli kerfa og skilvirkni þeirra sem mælieiningu á árangur.
6. Útgáfa opinberra skjala og stjórnun opinberra upplýsingaþjónustu.
7. Landbúnaður og sjávarútvegur, einkum til stuðnings rekstri markaða með landbúnaðarvörur og landbúnaðarkerfisins, skilvirkari fjármálastjórnun, gagnaskiptum vegna reikningsskila í landbúnaði milli innlendra stofnana og framkvæmdastjórnarinnar og baráttunni gegn svikum.
8. Iðn- og þjónustugreinar, einkum varðandi skipti á upplýsingum á milli opinberra stjórnsýslustofnana sem hafa með höndum mál er varða samkeppnishæfi fyrirtækja og á milli slíkra stjórnsýslustofnana og samtaka iðnaðarins.
9. Samkeppnismál, einkum með því að bæta skipti á rafrænum gögnum við innlendar, opinberar stjórnsýslustofnanir í því skyni að auðvelda upplýsingamiðlun og samráð.
10. Menntun, menning og hljóð- og myndmiðlun, einkum til þess að skiptast á upplýsingum um efni á opnum netum og stuðla að þróun og frjálsri dreifingu nýrrar þjónustu á sviði hljóð- og myndmiðlunar og upplýsinga.
11. Flutningsgeirinn, einkum til að stuðla að skiptum gagna um öikumenn, ökutæki, skip og rekstraraðila í flutningastarfsemi.
12. Ferðaþjónusta, umhverfismál, neytendavernd og lýðheilsa, og opinber innkaup.
13. Stefna í rannsóknum, einkum til að auðvelda söfnun, umsýslu og dreifingu upplýsinga um framkvæmd samhæfðrar stefnu í rannsóknum innan opinberra stjórnsýslustofnana innanlands.
14. Stuðla að því að markmiðum framtaksverkefnisins rafræn Evrópa og tengdrar aðgerðaáætlunar verði náð, einkum kaflans um rafræna stjórnsýslu og öryggi sem miðar að því að gagnast borgurum og fyrirtækjum.
15. Málefni innflytjenda, einkum með því að bæta skipti á rafrænum gögnum við innlendar, opinberar stjórnsýslustofnanir í því skyni að auðvelda upplýsingamiðlun og samráð.

16. Samstarf dómsmálayfirvalda.
17. Upplýsingakerfi sem gera þjóðþingum og borgaralegu samfélagi kleift að taka þátt í lagasetningu.
18. Eftirfylgni með framkvæmd löggjafar Bandalagsins í aðildarríkjunum og miðlun upplýsinga milli aðildarríkjanna og stofnana Bandalagsins.

C. MIÐLUN UPPLÝSINGA MILLI STOFNANA

Miðlun upplýsinga milli stofnana, einkum:

1. til stuðnings ákvarðanatökufæri Bandalagsins og fyrirspumum í þinginu,
2. því að setja upp nauðsynlegar fjarvirknitengingar milli framkvæmdastjórnarinnar, Evrópuþingsins, ráðsins (m.a. þess staðar þar sem formennska í Evrópusambandinu er hverju sinni, fastafulltrúa aðildarríkjanna og innlendra ráðuneyta sem taka þátt) og annarra stofnana Bandalagsins,
3. til að greiða fyrir fjölbreytingu í miðlun upplýsinga milli stofnana með því að hafa betri stjórn á flæði þýðinga og með betri hjálpartækjum við þýðingar, þróun og samnýtingu á hjálpargögnum á mörgum tungumálum og með því að skipuleggja sameiginlegan aðgang að slíkum hjálpargögnum,
4. skjalaskipti milli evrópskra umboðsstofa og samtaka og stofnana Bandalagsins.

D. ALÞJÓÐLEG SAMVINNA

Útvíkkun verkefna sem þjóna sameiginlegum hagsmunum þriðju landa, þar á meðal umsóknarlanda, og alþjóðastofnana, með sérstakri áherslu á framtaksverkefni um þróunar- og efnahagssamvinnu.

E. ÖNNUR NET

Verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, sem voru áður fjármöggnuð með IDA-áætluninni og fá nú sitt eigið fjármagn frá Bandalaginu, falla engu að síður undir hópinn „önnur net“ sem um getur í 14. gr. ákvörðunarinnar.

II. VIÐAUKI

ÞVERLÆGAR RÁÐSTAFANIR

Þverlægar ráðstafanir samkvæmt IDABC-áætluninni eru einkum:

A. ÞVERLÆG, SAMEVRÓPSK, RAFRÆN ÞJÓNUSTA HINS OPINBERA

Þverlægar ráðstafanir sem eru gerðar til að hefja, gera mögulega og stjórna veitingu þverlægrar, samevrópskrar, rafrænnar þjónustu hins opinbera, þ.m.t. skipulags- og samræmingarþætti eins og:

- a) gátt til að veita aðgang að samevrópskri, gagnvirkri upplýsingaþjónustu sem veitt er á mörgum tungumálum á Netinu fyrir fyrirtæki og borgara,
- b) einn aðgangsstað að t.d. lögfræðilegri upplýsingaþjónustu á Netinu í aðildarríkjunum,
- c) gagnvirkan hugbúnað til að safna álitum og reynslu hagsmunaaðila af málum sem varða hagsmuni almennings og framkvæmd stefnumála Bandalagsins.

B. GRUNNVIRKISÞJÓNUSTA

Þverlægar ráðstafanir sem ráðist er í til að veita og viðhalda tækni- og hugbúnaðarlausnum sem þjónusta sem veitir sértæka upplýsinga- og samskiptatæknitengda starfsemi, frá fjarskiptum til skilgreindra staðla. Tækni- og hugbúnaðarlausnir fela í sér netþjónustu, miðbúnað, öryggi og viðmiðunarreglur eins og:

- a) öruggan og áreiðanlegan samskiptavettvang til að skiptast á gögnum milli opinberra stjórnsýslustofnana,
- b) öruggt og áreiðanlegt kerfi fyrir stjórnun gagnastreymis sem tengist mismunandi verkflæði innbyrðis,
- c) sameiginleg verkfæri fyrir umsjón með samstarfsvefsetrum og gáttum á mörgum tungumálum,
- d) faggildingu vettvangs í því skyni að meðhöndla leynilegar upplýsingar,
- e) gerð og framkvæmd sannvottunarstefnu fyrir net og verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum,
- f) öryggisrannsóknir og áhættugreiningu til stuðnings netum eða annarri grunnvirkisþjónustu,
- g) kerfi til að mynda traust á milli vottunaryfirvalda til að gera notkun rafrænna vottorða mögulega í samevrópskri, rafrænni þjónustu hins opinbera,
- h) auðkenningar-, staðfestingar- og sannvottunarþjónusta og vörn gegn brottvísun fyrir verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum,
- i) sameiginlegan ramma um samnýtingu og miðlun upplýsinga og þekkingar milli opinberra stjórnsýslustofnana í Evrópu og fyrirtækja og borgara, auk viðmiðunarreglna um högun,
- j) forskrift að XML-orðasafni, gerðarlýsingum og tengdum XML-áfangagögnum til að styðja gagnaskipti í netum,
- k) kröfur um starfræn og óstarfræn líkön fyrir umsjón með rafrænum skráum í opinberum stjórnsýslustofnunum,
- l) lýsigagnaramma fyrir upplýsingar frá hinu opinbera í samevrópskum hugbúnaði,
- m) samanburð á opnum gagnaskiptastöðlum með það að markmiði að semja stefnu um opin snið,
- n) sameiginlegar forskriftir og grunnvirkisþjónusta sem auðveldar rafræn innkaup um alla Evrópu,
- o) vélþýðingarkerfi og önnur fjölmálaverkfæri, þar á meðal orðabækur, samheitaorðabækur og flokkunarkerfi sem styðja fjöltyngi,

- p) hugbúnað sem styður samstarf milli opinberra stjórnsýslustofnana,
- q) hugbúnað sem styður við fjölrásaágang að þjónustu,
- r) verkfæri og aðgerðir sem byggja á opnum hugbúnaði til að auðvelda opinberri stjórnsýslu að miðla reynslu og taka upp lausnir.

C. STEFNUMÓTANDI AÐGERÐIR OG STUÐNINGSAÐGERÐIR

1. Stefnumótandi aðgerðir til stuðnings mati og eflingu á samevrópskri, rafrænni þjónustu hins opinbera eins og:
 - a) greiningu á stefnum í rafrænni stjórnsýslu og upplýsingastjórnun í allri Evrópu,
 - b) skipulagningu á viðburðum til vitundarvakningar með þátttöku viðkomandi hagsmunaaðila,
 - c) stuðningi við uppbyggingu á samevrópskri, rafrænni þjónustu hins opinbera með sérstakri áherslu á þjónustu við fyrirtæki og borgara.
2. Stuðningsaðgerðir sem gerðar eru til stuðnings stjórnun áætlana sem miða að eftirliti með og því að auka skilvirkni og árangur áætlunarinnar eins og:
 - a) gæðatrygging og eftirlit til að bæta lýsingu á markmiðum verkefna ásamt framkvæmd og niðurstöðu verkefna,
 - b) mat á áætlun og kostnaðar- og ábatagreining á tilteknum verkefnum sem þjóna sameiginlegum hagsmunum og þverlægum ráðstöfunum.
3. Stuðningsaðgerðir sem ráðist er í til að stuðla að útbreiðslu góðra starfsvenja við notkun upplýsingatækni í opinberri stjórnsýslu eins og:
 - a) skýrslur, vefsetur, ráðstefnur og, almennt, framtaksverkefni sem beint er til almennings,
 - b) eftirlit, greining og vefmiðlun framtaksverkefna og bestu starfsvenja sem tengjast aðgerðum í rafrænni stjórnsýslu í aðildarríkjum, innan Bandalagsins og á alþjóðavísu,
 - c) að stuðla að útbreiðslu bestu starfsvenja við notkun t.d. opins hugbúnaðar í opinberri stjórnsýslu.“